Akraneskaupstaður
Skipulags- og umhverfisráð
Stillholti 16-18
300 Akranes

Tilvísun: 1531316-V11-CLE-0001 10.11.2022

**Varðandi:** **Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna gatnagerðar í Skógarhverfi 3C og 5**

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar, kt. 410169-4449 er lögð fram umsókn um leyfi til framkvæmda skv. 13. málsgrein skipulagslaga 123/2010 og reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, vegna gatnagerðar í hluta af Skógahverfi skipulagsáfanga 3 C og 5, ásamt tilheyrandi veitum og yfirborðsmótun í samræmi við deiliskipulag áfanganna. Deiliskipulag fyrir báða áfanga Skógahverfi skipulagsáfangi 3 C og skipulagsáfangi 5 voru samþykkt í bæjarstjórn 11. janúar 2022 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 15. febrúar 2022.

Meðfylgjandi eru upplýsingar um framkvæmdina.

Virðingarfyllst,

Lárus Ársælsson

Starfsstöðvastjóri, byggingarverkfræðingur MS, VFÍ

Fylgirit:

- Minnisblað – Samantekt vegna umsóknar um framkvæmdaleyfi fyrir Skógarhverfi 3C og 5 áfangi 2022, dags. 10.11.2022

# Minnisblað

Tilvísun: 1531316-V11-CMO-0001 10.11.2022

Til: Akraneskaupstaður

Sigurður P. Harðarson

Efni: **Samantekt vegna umsóknar um framkvæmdaleyfi fyrir Skógahverfi 3C og 5 áfangi 2022**

Akraneskaupstaður í samstarfi við Veitur, Gagnaveitu Reykjavíkur og Mílu áformar að fara í framkvæmdir við gatnagerð, yfirborðsmótun og veitur í skipulagsáföngum Skógahverfi 3C og 5. Þessi áfangi tengist við götur í fyrri áföngum, Asparskóga í áfanga 1 og Akralund og Skógarlund í áfanga 3A.

Gatnatenging til norðurs við Akranesveg verður ekki hluti af verkframkvæmd, utan að útbúinn verður vinnuvegur til bráðabirgða sem tengir við Akranesveg.

Markmiðið er að gera íbúðarlóðir í hluta af deiliskipulagsáföngunum, hæfar til bygginga. Mikil eftirspurn er eftir sérbýlislóðum á Akranesi, og eru engar lóðir lausar til úthlutunar. Í þessum verkáfanga verða samtals 37 lóðir með allt að 252 íbúðum. Þarna verða 64 íbúðir í raðhúsalóðum, 20 íbúðir á sérbýlalóðum, og 168 íbúðir á fjölbýlislóðum. Í gatnagerð verða gerðar um 1600 m af götum og um 300 m af opinni vatnsrás sem tekur við regnvatni. Götur eru allar 6,0 m breiðar, auk bílastæða.



**Mynd 1 - Skipulagsáfangi Skógahverfi 3C og hluti 5.**

Efnisþörf vegna framkvæmdar er áætluð þannig að uppgröftur vegna gatna er um 100.000 $m^3$ og uppgröftur vegna ofanvatnsrásar er um 4.000 $m^3$, sem hvoru tveggja verð fluttur á jarðvegstipp Akranesbæjar. Fyllingar í götur og 3 m inná lóðir eru um 110.000 $m^3$, sem teknar verða úr viðurkenndum efnisnámum. Opnaður verður skurður fyrir regnvatnsrás til norðurs frá Asparskógum að Miðvogslæk.

Verkframkvæmd hefst í lok 2022, framhaldið allt árið 2023 og verður að fullu lokið haustið 2024.

Verkið fellur að gildandi skipulagsáætlunum og er ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.b. Engin friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjaskrá eru í grennd við framkvæmdasvæðið og á því eru ekki náttúrufyrirbrigði sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Rask á menningarminjum er háð leyfi Minjastofnunar Íslands. Komi óþekktar minjar í ljós við framkvæmdina mun verkkaupi bregðast við samkvæmt 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

Verktaki þarf að sækja um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir starfsemi sem getur haft í för með sér mengun.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er sýnt á meðfylgjandi skipulagsteikningu og yfirlitsteikningu verkframkvæmdar.

Virðingarfyllst,

Lárus Ársælsson

Starfstöðvastjóri, byggingarverkfræðingur MS, VFÍ

Meðfylgjandi:

- Deiliskipulag Skógarhverfi 3. áfanga B og 5.áfangi, skipulagsuppdrættir samþykktir dags. 11.1.2022.
- Deiliskipulag Skógarhverfi 3. áfanga B og 5.áfangi, auglýsing birt í B-deild stjórnartíðinda 16.2.2022.
- Yfirlitsteikningar verkframkvæmdar áfanga 3C og 5, dags. 30.8.2022.

# DEILISKIPULAG SKÓGAHVERFIS - ÁFANGI 3C




# Akraneskaupstaður
## Skipulags- og umhverfissvið



Aðalskipulag Akraness 2005-2017 m.s.br. Mkv. 1:10.000

## Skýringar

- Skipulagsmörk
- Lóðamörk
- E — Einbýlishús
- R — Raðhús/parhús
- F — Fjölbýlishús
- S — Veitumannvirki
- Byggingarreitur
- P-30 — Fjöldi bílastæða innan lóðar
- Kvöð um gangstétt innan lóðar
- Bílastæði, leiðbeinandi staðsetning
- Djúpgámar, leiðbeinandi staðsetning

Skilmálalykill:

| Húsgerð, hæðafjöldi | Fjöldi íbúða |
|---|---|
| Nýtingarhlutfall | Flatarmál lóðar |

| | |
|---|---|
| E | Einbýlishús |
| R | Raðhús/parhús |
| F | Fjölbýlishús |
| S | Veitumannvirki |
| BS | Opið bílskýli |
| BG | Bílageymsla |
| I/II/III | Hæðafjöldi |

- Kvöð um garðaaðgengi
- Mörk lóðahluta til einkanota. Til skýringar
- Samgöngukerfi:
  - Akbraut
  - Bílastæði
  - Hraðahindrun
  - Gangstétt, göngustígur
  - Hjólabraut
  - Kantar, frágangur
- L — Opið svæði, leiksvæði
- Lækjarfarvegur / blágrænar ofanvatnslausnir
- Skýringarlínur, grunnkort

Eftirtalin gögn eru hluti þessa deiliskipulags:

- Deiliskipulagsgreinargerð dags. 19.8.2021
- Skýringaruppdráttur dags. 19.8.2021.
- Deiliskipulagsrammi Skógarhverfis, dags. júlí 2020 er fylgiskjal með deiliskipulaginu.

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá ____________
til ____________
var samþykkt í skipulags- og umhverfisráði þann ____________
og bæjarstjórn Akraness þann ____________

________________________
bæjarstjóri

Gildistaka breytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda ______________


**TEIKNISTOFA ARKITEKTA**
GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí
KAUPANGI V/MÝRARVEG
600 AKUREYRI
SÍMI 461 5508
NETFANG: arni@teikna.is www.teikna.is


| | | |
|---|---|---|
| Skógahverfi, Akranesi. Áfangi 3C | | |
| Tillaga að deiliskipulagi<br>Skipulagsuppdráttur | VERK 21-631 | BLAÐ 01 |
| HANNAÐ ÁÓ | TEIKNAÐ ÁÓ | DAGS. 19.8.2021 |
| KVARÐI 1:1.000 Blaðstærð A1 | | BREYTT |

# DEILISKIPULAG SKÓGAHVERFIS - ÁFANGI 5




Akraneskaupstaður
Skipulags- og umhverfissvið




Aðalskipulag Akraness 2005-2017 m.s.br. Mkv. 1:10.000

## Skýringar

- Skipulagsmörk
- Lóðamörk
- Einbýlishús
- Raðhús/parhús
- Fjölbýlishús
- Veitumannvirki
- Byggingarreitur
- P-30 Fjöldi bílastæða innan lóðar
- Kvöð um gangstétt innan lóðar
- Bílastæði, leiðbeinandi staðsetning
- Djúpgámar, leiðbeinandi staðsetning

Skilmálalykill:

| Húsgerð, hæðafjöldi | Fjöldi íbúða |
|---|---|
| Nýtingarhlutfall | Flatarmál lóðar |

- E Einbýlishús
- R Raðhús/parhús
- F Fjölbýlishús
- S Veitumannvirki
- BS Opið bílskýli
- BG Bílageymsla
- I/II/III Hæðafjöldi

- Kvöð um garðaaðgengi
- Afmörkun lóðahluta til einkaafnonta. Til skýringar
- Samgöngukerfi:
  - Akbraut
  - Bílastæði
  - Hraðahindrun
  - Gangstétt, göngustígur
  - Hjólabraut
  - Kantar, frágangur
- L Opið svæði, leiksvæði
- Lækjarfarvegur / blágrænar ofanvatnslausnir
- Skýringarlínur, grunnkort

Eftirtalin gögn eru hluti þessa deiliskipulags:

- Deiliskipulagsgreinargerð dags. 19.8.2021
- Skýringaruppdráttur dags. 19.8.2021.
- Deiliskipulagsrammi Skógarhverfis, dags. júlí 2020 er fylgiskjal með deiliskipulaginu.

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá ____________
til ____________
var samþykkt í skipulags- og umhverfisráði þann ____________
og bæjarstjórn Akraness þann ____________

______________________________
bæjarstjóri

Gildistaka breytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda ______________

| TEIKNISTOFA ARKITEKTA<br>GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf.<br>arkitektar faí<br>KAUPANGI V/MÝRARVEG<br>600 AKUREYRI<br>SÍMI 461 5508<br>NETFANG: arni@teikna.is www.teikna.is | Skógahverfi, Akranesi. Áfangi 5<br>Tillaga að deiliskipulagi<br>Skipulagsuppdráttur | VERK 21-632<br>BLAÐ 01 |
|---|---|---|
| HANNAÐ ÁÓ / TEIKNAÐ ÁÓ | DAGS. 19.8.2021 | |
| KVARÐI 1:1.000 Blaðstærð A1 | BREYTT | |




| Verkáfangi | Verkhluti | Lýsing | Lýsing | Skiladagar |
|---|---|---|---|---|
| 1 | | | | 15.1.2023 |
| | B | Jökuskógar | Jarðvegsskipt með fráveitulögnum og vatnslögn. Yfirborðsfrágangur á torgi og á götu upp fyrir byggða lóð með malbiki. Engir stígar innan lóða. | |
| | C | Regnvatnsskurður | Útlaup fyrir regnvatn upp að Miðvogslæk Regnvatnslaut | |
| | H | Vinnuvegur | Fylling yfir núverandi yfirborð, jarðvegsdúkur. Engar lagnir. Malaryfirborð. | |
| 2 | | | | 30.7.2023 |
| | D | Lækjarskógar | Fullgerð gata með jarðvegsskiptum, malbiki, götulýsingu og öllum veitum. Skólpdælubrunnur Tenging lagna í Asparskógum. Stígar jarðvegskiptir og veitulagnir. | |
| | G | Akralundur | Fullgerð gata með jarðvegsskiptum, malbiki, götulýsingu og öllum veitum. Nyrðri stígur innan lóðar. | |
| | E | Tjarnarskógar og endir Laufskóga | Fullgerð gata með jarðvegsskiptum, malbiki, götulýsingu og öllum veitum. Stígagerð innan lóðar í Laufskógum. Stígur milli Tjarnaskóga og Lækjarskóga jarðvegsskipt og lagnir | |
| 3 | | | | 30.10.2023 |
| | F | Skógarlundur, vesturhluti. | Fullgerð gata með jarðvegsskiptum, malbiki, götulýsingu og öllum veitum. Án kantsteins og stígamalbiks. | |
| | I | Ofanvatnsrás, grafin og mótuð. | Ofanvatnsrásir. Regnvatnslaut. | |
| | L | Skólpdæling | Skólpdælubrunnur nyrst í Lækjaskógum. Bráðabirgðalögn að brunni í Asparskógum. | |
| 4 | | | | 30.8.2024 |
| | J | Skógarlundur, austurhluti. | Fullgerð gata með jarðvegsskiptum, malbiki, götulýsingu og öllum veitum. | |
| | K | Stígur að dreifistöð | Jarðvegsskipt og lagnir. Án malbiks og stígalýsingar. | |

## ÚTGÁFUFERILL

| ÚTG. | DAGS. | SKÝRINGAR | HANNAÐ | YFIRF. | SAMÞ. |
|---|---|---|---|---|---|
| 01 | 30.08.2022 | FRUMÚTGÁFA | LÁ | LÁ | |

VERKKAUPI
AKRANESKAUPSTAÐUR

HEITI VERKS
# SKÓGAHVERFI 3C-5
-
300 - AKRANES

HÖNNUÐUR

MANNVIT
Urðarhvarfi 6 203 Kópavogi Sími: 422 3000 Fax: 422 3001
www.mannvit.is mannvit@mannvit.is Kt: 430572-0169

© ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR, AÐ HLUTA EÐA HEILD, ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI HÖFUNDA.

HEITI TEIKNINGAR
VERKFRAMKVÆMD
VERKÁFANGAR

| VERKNÚMER | MKV. | STÆRÐ |
|---|---|---|
| 1.531.316 | 1:- | A2 |

| DAGS. UNDIRSKRIFTAR | F.H. MANNVITS (NAFN OG KT.) | TEIKNINGANÚMER | ÚTGÁFA |
|---|---|---|---|
| | | 1531316-V02-CDR-2104 | 01 |

PRENTAÐ: þriðjudagur, 6. september 2022 20:0
larusa
TÖLVUSKRÁ: C:\Mannvit\1531\1.531.316\05\V02 SK3C-5\Yfirlit\SK3C5 Yfirlit.dwg